

Myndlist


Af óvissu tímans

Tímalaus listaverk eru ekki til. Í eðli sínu er öll listsköpun tilraun til að stöðva tímann, endurtaka hann eða gera hann sýnilegan með einum eða öðrum hætti, fyrir utan það að í hverjum listamanni blundar löngunin til að öðlast framhaldslíf með verkum sínum. Þetta er óvefengjanleg staðreynd og ekki þörf á að vekja á henni sérstaka athygli frekar en að áréttu að nýir listmiðlar geti af sér ný listform. Hins vegar hefur umræðan um tímann tekið á sig verulega spennandi myndir á síðustu árum, eins og oft gerist þegar mikil tímamót eru í nánd, og hafa vísindamenn, heimspekingar og sagnfræðingar lagt mest af mörkum til hennar. Nýjar hugmyndir um upphaf og eðli tímans, margþætta skynjun okkar á honum og jafnvel um endalok hans hafa hrist upp í hugsandi fólki og skapandi um veröld víða.

Það væri sannarlega akkur í listsýningu sem legði út af þessari umræðu með einhverjum hætti. Það gerir ekki sýningin „Tími fresta flugi þínu“ sem opnuð var að Kjarvalsstöðum um helgina. Þar er um að ræða alþjóðlega uppkomu með íslensku ívafi, hingað komna frá Bergen þar sem myndlistin virðist með reglulegu millibili matreidd ofan í Reykjavík.

Sitt lítið af hverju

Raunar er ekki alveg ljóst hvað sýningin á að gera, nema að klífa á því sem áður er nefnt, nefnilega að myndlist hafi „tímann að þema“. Um leið



Verk af sýningunni Tími - fresta flugi þínu sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum

„Þrátt fyrir vægast sagt gloppótta hugmyndalega undirbyggingu þessarar sýningar er um að gera að berja hana augum vegna sögulegs mikilvægis einstakra verka á henni,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson sem ekki er alls kostar ánægður með sýninguna.

stendur í skrá að hér sé hvorki um að ræða heimspökilega né vísindalega úttekt, að sýning af þessu tagi sé hvort sem er svo mikil einföldun á tímahugtakinu í listinni og svo mótsagnakennt fyrirbæri í sjálfu sér að það þurfi legið fræðimanna til að fylla upp í eyðurnar á henni. Jafnframt er sýningin kölluð „fagurfræðileg heild“, jafnvel þótt eldri myndlistin á henni, sextán verk eftir Avercamp, Braque, Canaletto, Jorn, Mathieu, Munch, Picasso og fleiri, sem vissulega hefði verið gaman að sjá hér í Reykjavík – jafnvel þótt hlutverk þeirra í samhenginu hafi verið umdeilanlegt – hafi orðið eftir í Noregi. Útlistun Péturs Ármannssonar á tímahugtakinu í arkitektúr í tengslum við sjálfan sýningarstaðinn, Kjarvalsstaði, er að sönnu hin ágætasta en hún kemur ekki í staðinn fyrir umrædd verk.

Helst dettur manni í hug að skipuleggjendur hafi byggt sýninguna upp í kringum dálítið listsögulega takmarkað Flúxus-safn hjónanna Gilberts og Lilu Silverman frá Detroit en stór

hluti sýndra verka er í þeirra eigu og tint til sitt lítið af hverju frá Noregi og Reykjavík sem passaði „nökkurn veginn“ inn í það samhengi.

Tíminn í framhjáhlupi

Ég segi „nökkurn veginn“ því bæði er að skipuleggjendum skýst yfir nærtæk verk norræna listamanna sem eru á kafi í tímarpælingum, t.d. Röðlands hins norska og Magnúsar Pálssonar og Steinu Vasulka frá Íslandi. Um leið innlima þeir verk annarra sem fjalla einungis um tímann í framhjáhlupi, t.d. Agams, Boltanski, Calders, Dieters Roths og Gonzalez-Torres. Og þarf virkilega að sýna þessi ósköp af verkum þeirra Christos og Jeanne Claude til að segja okkur að það sé tímafrekt að gera umhverfisverk? Þrátt fyrir vægast sagt gloppótta hugmyndalega undirbyggingu þessarar sýningar er um að gera að berja hana augum vegna sögulegs mikilvægis einstakra verka á henni. Ég nefni helst myndröð pólska sérvittringsins Romans Opalka frá 1965, „lífað“ verk Tehcins Hsieh frá 1981–82, sannkallað afreksverk fyrir það sem listamaðurinn lagði á sig við gerð þess, klukkuværk Josephs Kosuths (1965), eins af guðfeðrum konseptlistarinnar og „Eitt ár“ Georgs Maciunas, sjálfs Flúxuspáfans, frá 1972. Áhrifa þessara verka og annarra í líkum dúr gætti hér á landi á blómaskeiði Galleris SÚM. Af nýrri verkum er örugglega mestur akkur í makalausri ljósamaskínu Jenny Holzer, eitt af örfáum verkum á sýningunni sem gert er eftir 1990.

Sýningin stendur fram í október.

Aðalsteinn Ingólfsson



Djass

Djassrölt á menningarnótt

Forleikur að komandi Jazzhátíð Reykjavíkur fóru fram á nokkrum stöðum í borginni síðastliðinn laugardag. Í sal Norræna hússins léku tveir úr hópi kunnustu gítarleikara Norðurlanda, Odd-Arne Jacobson frá Noregi og Rune Gustafsson frá Svíþjóð, sem víða hefur komið við á löngum ferli og lék m.a. með Arne Domnérus og Pétri Óstlund á plötunni Conversation (1983). Efnisskrá sína nefna tvímenningarnir Meðan tíminn líður eftir frægu lagi samnefndu.

Gustafsson lék á dálítið lúinn rafmagnsgítar eingöngu meðan Jacobsen lék á rafkassagítar, venjulegan kassagítar og tólf strengja. Þeir skiptust á að sjá um undirleik en eldri maðurinn, Rune, sá ívið meira um laglínur. Willow Weep for Me var aðallega í höndum Odds-Arne og flutti hann það listavel. Hann átti einnig frumsamið einleiksverk með sterkum austrænum blæ sem var alláhrifamikill. Rune sá um eldri sveiflustandarða ásamt Wave en í því lagi fór Odd-Arne kynduglega með b-kaflann en hann fækkaði þar hljómunum í stað þess að fjölga þeim sem venjulega er aðferð djassleikara. Auk þessara laga fluttu þeir syrpu af skandinaviskum þjóðlögum, vals eftir Evert Taube og sænskt bossanova í þrískiptum takti sem er ekki eins sjaldgæf uppkoma og menn gætu haldið. Lagið Daniele eftir brasilíska píanistann Luiz Eca er þó líklega það fyrsta af því tagi og var hljóðritað af höfundinum og saxafónleikaranum Paul Winter árið 1965.



Djassað á menningarnótt

Óskar Guðjónsson og félagar léku djass á Jómfrúnni á menningarnótt. Ingvi Þór Kormásson gagnrýnaði lagði hins vegar leið sína í Norræna húsið og Listasafn Íslands til að hlusta á djass.

Þeir eru skemmtilega ölfkir þessir tveir gítarleikarar. Gustafsson er fulltrúi gamalla djassgítarhefða, sándið er miðjumiðað, þurr og tónninn hlutlaus, minnir á Barney Kessel, Mundel Lowe og Jón Pál. Jacobsen er meira af John MacLaughlin-skólanum sem er allt önnur Ella, nótur eru sveigðar og beygðar, styrkleikabreytingar og ekkó notað af fullum krafti ef með þarf og önnur þau trix sem rokkynslóð gítarista fann upp á. – Þetta var notaleg stund og nokkur verulega upplyftandi augnablik áttu sér stað en lengst af voru

þetta bara tveir menn að spila saman á gítara.

Ekki mikill hamagangur

Í Listasafni Íslands lék þýska djasstríoíð Solea. Þar var áheyrendum boðið upp á að finna sér sjálfir stóla niðri í kjallara og skrönglast með þá inn í tónleikasalinn. Aldrei ætti að gera ráð fyrir að gestir á tónleikum standi upp á endann ef vól er á sætum. Þjóðverjarnir stóðu sína pligt, flutningurinn var vandaður og vel samhafður. Þeir léku fyrst nokkur lög eftir píanóleikarann Markus Horn sem öll voru prýðilega saminn og vel flutt, sérstaklega var hið fyrsta, In Motion, athyglisverð tónsmíð. Píanótríoíð var á fremur rómantískum slóðum, jafnvel bolagíð Where Is It var ekki með miklum hamagangi. Gaman var að heyra útgáfu þeirra félaga á Vikivaka eftir Jón Múla Árnason og ljóst að ekki höfðu þeir tekið mið af útsetningum Magnúsar Ingimarssonar og Eyþórs Gunnarssonar. Leið nú tíminn í átt að miðnætti. Á hafnarbakkannum lék Stórsveit Reykjavíkur ásamt Ragnhildi Gísladóttur. Oft hafa þeir stór-sveitarmenn notið sín betur og sama má segja um söngkonuna. Svo var skotið upp örgynni flugelda og var það mikið og guðdómlegt sjónarspil, hefði hið hálfva verið nóg og eflaust forðað mörgum frá hálsríg og sparað einhverja aura. En brauð og leikar munu víst blífa.

Ingvi Þór Kormásson

Hallgrímur H.

Á menningar-síðunni á fimmtudaginn var sagt frá leiklistarhátíðinni Á mörkunum sem haldin verður á tímabilinu 8. september til 15. október. Þegar einstaka leikrit hátíðarinnar voru tíunduð vildi ekki betur til en svo að H-ið sem aðskilur tvö íslensk leikskáld féll niður, olli herfilegum misskilningi og orsakaði kolranga myndbirtingu.

Trúðleikur, sem frumsýndur verður í Iðni 22. september, er ekki eftir Hallgrím Helgason, heldur Hallgrím H. Helgason, sem er allt annar maður. Báðir eru beðnir afsökunar á þessu og hér birtist mynd af réttum Hallgrími.

Trúðleikur er að sögn grátblaslegur gleðileikur en það fjallar um trúðana Skúla og Spæla sem starfa saman. Skúli er bjartsýnn og glaður og verður allt að leik en fylpúkannum Spæla er í nöf við trúðsstarfið og langar að verða eitthvað merkilegra. Þetta er litrík og falleg leiksýning fyrir alla fjölskylduna. Leikstjóri er Örn Árnason og Skúla og Spæla leika þeir Friðrik Friðriks-son og Halldór Gylfason.

Gjörningaklúbburinn fékk mest



Þegar Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar voru veitt á föstudaginn og í ljós kom að

Hjörtur Björgvin Marteinsson hafði hlotið þau fyrir skáldsöguna AM 00, var tekið til við að verðlauna ýmsa listamenn með launum.

Stelpurnar í Gjörningaklúbbnum, þær Dóra Ísleifsdóttir, Eirún Sigurðardóttir, Jóni Jónsdóttir og Sigrún Inga Hrólfssdóttir, fengu samtals 12 mánuði á launum. Kristinn G. Harðarson, myndlistarmaður fékk átta mánuði og kollegar hans Halldór Ásgeirsson, Hannes Lárússon, Jóhann L.Torfason og Magdalena Margrét Kjartansdóttir hlutu þrjú mánuði hvert.

Kolbeinn Bjarnason tónlistarmaður verður á launum í fjóra mánuði en Sigurður Halldórsson og Pétur Grétarsson, einnig tónlistarmenn, hrepptu þriggja mánaða laun. Rithöfundurinn Didda og leikskáldið

Karl Ágúst Úlfsson fengu einnig þrjú mánuði. Hjalti Rögnvaldsson leikari fékk tvo mánuði og líka Inga Bjarnason leikstjóri.

Til að svala eðlilegri forvitni má nefna að listamannalaunin nema 120.000 krónum á mánuði.

Styrk til starfrækslu tónlistarhóps 2000 hreppi Guitarr íslancio en hann skipa Jón Rafnsson, Gunnar Þórðarson og Björn Thoroddsen.

Erla og Hancox í Sigurjónssafni

Þriðjudagstónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar 22. ágúst kl. 20.30 verða ljóða-tónleikar þar sem fram koma sópransöngkonan Erla Þórólfsdóttir og píanóleikarinn William Hancox. Á efnisskrá eru verk eftir Malcolm Williamson, Francis Poulenc, Richard Strauss og Hugo Wolf.

Erla Þórólfsdóttir lauk einsöngv-araprófi vorið 1993 og fór í framhaldsnám við Trinity College of Music í London árið 1996 og lauk þaðan prófi 1998. Erla hefur tekið þátt í þremur keppnum á námsár-um sínum í London og komist í undanúrslit í þeim öllum.

William Hancox píanóleikari var nemandi Joseph Weingarten. Hann leggur mikla rækt við að flytja nútímatónlist enda hefur hann frumflutt mörg verk eftir núlífandi tónskáld. Hann hefur komið víða fram, bæði sem einleikari og í kamm-ermúsík.

